

Sumarkveðja

Kæru nemendur, forráðamenn og starfsfólk

Nú er skólaárinu lokið og sumarið framundan. Veturinn sem er að líða hefur verið viðburðaríkur og gefandi, og við erum þakklát fyrir gott samstarf og samveru á árinu sem leið. Nemendur hafa tekist á við ný verkefni, eflst og þroskast, og það er ánægjulegt að líta til baka og sjá hverju við höfum áorkað saman.

Nú er tími til að hvílast, leika sér og njóta samveru með fjölskyldu og vinum. Við óskum ykkur öllum gleðilegs sumars, megi það vera fullt af sól, gleði og góðum stundum.

Við hlökkum til að taka á móti ykkur öllum aftur í ágúst, endurnærð og full af eftirvæntingu fyrir komandi skólaári.

með kærri kveðu, *Stjórnendur Stekkjaskóla*

